



Viðtakandi	Fjárlaganefnd Alþingis	Dagsetning	16. nóvember 2023
Sendandi	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Málsnúmer	MVF23110141

Afstaða menningar- og viðskiptaráðuneytis til erinda sem borist hafa fjárlaganefnd Alþingis

Að neðan er umsögn frá skrifstofu menningar og fjölmiðla í menningar- og viðskiptaráðuneyti vegna erinda sem bárust fjárlaganefnd Alþingis haustið 2023.

Kálfatjarnarkirkja Vatnsleysuströnd

Kálfatjarnarkirkja á Vatnsleysuströnd óskar eftir styrk að fjárhæð 5 m.kr. til að lagfæra aðkomu og bílastæði. Tekið er fram að bílastæðið og lóð kirkjunnar hafi orðið fyrir skemmdum vegna stórra hópferðabifreiða sem leggja þangað leið sína í svokallaðar norðurljósaferðir.

Bent skal á að hægt er að sækja um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna verkefna sem varða aðstöðu og úrbætur á ferðamannastað/ferðamannaleið. Umsóknarfrestur í sjóðinn rann út 19. október sl.

Þar sem málefni Þjóðkirkjunnar heyra undir málefnasvið dómsmálaráðuneytisins verður að öðru leyti ekki veitt frekari umsögn um framkomið erindi enda á málefnasviði annars ráðuneytis.

Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar

Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar sækir um styrk að fjárhæð 15 m.kr. til endurbóta á Ásláksstaðahúsi á Vatnsleysuströnd. Um er að ræða timburhús sem er byggt á árunum 1883-1884.

Vegna erindisins skal tekið fram að húsafriðunarsjóður veitir styrki til viðhalds og endurbóta friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. Umsóknarfrestur er til 1. desember ár hvert. Húsafriðunarsjóður er í umsjón Minjastofnunar Íslands, sem skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012, sbr. og forsetaúrskurð nr. 6/2022 heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Vegna þessa er ekki veitt frekari umsögn um framkomið erindi enda á málefnasviði annars ráðuneytis.